

## Til hugleiðingar fyrir 19. Sambandsþing ÍF

(Fylgiskjal 6.0)

### Breytt merki/„logo“ ÍF og nýtt nafn fyrir ÍF (ParaSport Ísland)

#### - til umræðu og vísun til starfsnefndar

Íþróttasambönd og íþróttafélög hafa mörg hver „nútimavætt“ merki (lógó) sín. Það sama hefur átt sér stað í viðskiptalífinu en fyrirtæki leita leiða til að gera merkin einfaldari, en jafnframt meira lýsandi fyrir starfsemina, en líklega þó til að þau veki sem mesta athygli. Á norrænum vettvangi hafa systursamtök okkar breytt merkjum sínum en einnig fjölgað þeim. Einnig eru þau alfarið hætt að nota orðið „handicap“ eða fötlun í nafni sínu. Segja má að nafnið „Parasport“ fari eins og eldur í sinu um hin vestræna heim og hafa öll Norðurlöndin tekið þetta upp nema við hér á Íslandi. Svíar t.d. með sér „kassa“ fyrir SHIF, Parasport Sverige, SO Sverige.

Stjórn ÍF leggur til að hannað verði merki sem ÍF notar alþjóðlega í samskiptum sínum við útlönd þar sem orðið PARASPORT ICELAND yrði notað í stað NPC Iceland, SO Iceland stæði óbreytt og haldið yrði áfram að nota ÍF merkið hér innanlands eða PARASPORT yrði notað alþjóðlega í samskiptum við útlönd sem samnefnari fyrir NPC Iceland og SO Iceland en alþjóðlega erum við að nota þau merki/lógó.

### Slagorð fyrir ÍF

#### - til umræðu og vísun til starfsnefndar

Í dag eru aðallega tvö slagorð í gangi í tengslum við íþróttir fatlaðra hérlendis:

„Vertu með“

„Stærsti sigurinn er að vera með“

Rætt hvort slagorð ÍF yrði tekið fyrir á Sambandsþingi í vor.

**Setja ÍF markmið (Mission) og framtíðarsýn (Vision), skammtíma og langtíma.**

#### - til umræðu og vísun til starfsnefndar

### Breyting á úthlutun íþróttamanns ársins

#### - til umræðu og vísun til starfsnefndar

Ábendingar hafa borist ÍF um að verðlauna bæri íþróttamenn í hverri íþróttagrein. Ástæðan er til að mynda sú að boccia-spilarar, lyftingafólk og einstaklingar úr íþróttagreinum sem ekki skara fram úr á alþjóðavettvangi eru mjög ólíkleg til þess að vera valin íþróttamenn og íþróttakona ársins úr röðum fatlaðra. Spurning væri hvort breyta ætti fyrirkomulagi útnefninga og líkt og ÍSÍ gerir að verðlauna íþróttamenn og -konu í hverri grein. Úr þeim hópi yrði síðan kjörin íþróttamaður og íþróttakona ársins úr röðum ÍF.